

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 30, 12. janúar 2005, um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Frá og með 15. apríl til kl. 10.00 30. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæðum A til C en á tímabilinu 15. apríl til kl. 10.00 15. maí á svæði D.

- A. Á Ísafjarðardjúpi innan línu sem dregin er frá Galtarvita í Straumnesvita.
- B. Frá Hornbjargsvita austur um að Stokksnesi innan 3ja sjómílna frá fjörumarki meginlandsins.
- C. Innan 3ja sjómílna frá fjörumarki Grímseyjar.
- D. Á Húnafirði innan línu sem dregin er milli 65°41,23'N - 20°40,41'V (Hindisvík) og 66°01,28'N - 20°25,96'V (Kálfshamarsnes).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 16. apríl 2008.

F. h. r.

Þórður Eypórsson.

Hrefna Gísladóttir.